

209. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 16. febrúar 2006 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Rúnar Gíslason, forseti bæjarstjórnar, RG
Magnús Ingi Bæringsson, varabæjarfulltrúi MIB
Eyþór Benediktsson, EB
Dagný Þórisdóttir, DÞ
Hilmar Hallvarðsson, HH
Davíð Sveinsson, DS
Guðmundur Kristinsson, GK
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri EF
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerð bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 403, dags. 2.2.2006.

Fundargerðin er í 25 tölusettum liðum.

Liður 1.2. Skipulags- og bygginganefnd, liðir 1,2,3,4,7,12, 15 og 17 samþykktir. Davíð og Dagný sátu hjá við lið 7. Lið 8 hafnað, tveir með og fjórir á móti, Guðmundur sat hjá. Fundargerð samþykkt. Allir tóku til máls.

Liður 5 samþykktur.

Liður 6 samþykktur. Til máls tóku: EF og HH

Liður 7 samþykktur.

Liður 8 samþykktur.

Liður 9 samþykktur. Til máls tóku: HH og EF

Liður 10 samþykktur.

Liður 11 samþykktur.

Liður 16 samþykktur. Til máls tóku: EF,DS,RG,GK,EB og HH

Bæjarstjóri mun halda fund með starfsmönnum og bjóða fulltrúum verklýðsfélaga að koma á fundinn.

Liður 17 samþykktur.

Liður 18 samþykktur.

Liður 20 samþykktur. Til máls tóku: HH og EF

Liður 24 samþykktur. Til máls tóku: DS, EB og EF

Björn Sverisson og Alda Pálsdóttir eru tilnefnd. Tilnefningar samþykktar.

Fulltrúi minnihluta verður væntanlega tilnefndur á næsta bæjarráðsfundi. Erla kynti drög að erindisbréfi fyrir nefndina.

Erindisbréf nefndarinnar samþykkt.

Liður 25 samþykktur. Til máls tóku: EF,EB,DS,RG,HH, MIB og DÞ

Umræður urðu um aðra liði. Allir tóku til máls.

Liður 4 bæjarstjórn tekur undir ályktun bæjaráðs, þar sem fagnað er gjafatilboði Haraldar Sigurðssonar og lýsir sig reiðubúna að leggja Eldfjallasafni Íslands til viðeigandi lóð.

Liður 21 bæjarstjóri gerir Berglín ehf. grein fyrir stöðu bæjarins hvað landrými varðar.

Liður 23 erindi Hesteigendafélagsins, samþykkt að fella niður gatnagerðargjöld vegna væntanlegrar byggingu reiðskemmu Hesteigendafélagsins, en ákvörðun um styrk vegna fasteignagjalda er tekin á hverju ári. Verði breyting á eignafyrirkomulagi á reiðskemmuni, kemur til álita að endurskoða ákvörðun á niðurfellingu gatnagerðagjalda. Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð hafnarnefndar, dags. 1.2.2006.

Fundargerð framlögð og samþykkt. Allir tóku til máls.

Liður 3 samþykktur og Sæferðum bent á þann möguleika að leita álits Siglingamálastofnunar á lögmæti gjaldskrár Stykkishólmsbæ.

2.2. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 17.1.2006.

Fundargerð samþykkt fyrir á fundinum.

2.3. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 30.1.2006.

Fundargerð framlögð og samþykkt. Til máls tóku: HH og EF

2.4. Fundargerðir vinnuhóps vegna flutnings amtþókasafns í nýtt húsnæði, dags. 4.2., 9.2. og 11.2.2006.

Fundargerðir framlagðar og samþykktar. Allir tóku til máls.

Samþykkt að gera upp Hafnargötu 7 (Skipavíkurhúsið), tillaga b frá vinnuhópnum.

3. Þriggja ára áætlun 2007-2009 fyrir Stykkishólmsbæ og undirfyrirtæki, seinni umræða.

Þriggja ára áætlun 2007-2009 fyrir Stykkishólmsbæ og undirfyrirtæki samþykkt samhljóða. Til máls tóku: EF

4. Áskorun til Vegagerðar ríkisins.

” Bæjarstjórn Stykkishólms skorar á Vegagerð ríkisins að endurgera Stykkishólmsveg, þ.e. frá afleggjara að Skógarstönd og niður í Stykkishólm. Þungatakmörkanir eru tíðar á þessum vegkafla og er það mjög slæmt fyrir atvinnulífið hér sem byggir á miklum flutningum til og frá bænum. Vegurinn er illa farinn og getur verið hættulegt að aka bifreiðum eftir honum. Bæjarstjórn Stykkishólms telur afar brýnt að fara í þessa vegagerð strax í sumar. Einnig þyrfti að setja upp vegrið í Vogsbótun.”

Ályktun samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: DS, EB, DP, HH og RG

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:58

Þór Örn Jónsson, bæjarritari